



Viðmiði um flýtingar og seinkanir barna milli árganga í grunnskólum Kópavogs

Flýtingar:

1. Óski foreldrar eftir flýtingu á milli árganga skal rökstudd beiðni berast til skólustjóra grunnskólans.
2. Skólustjóri óskar eftir skriflegri greinargerð frá umsjónarkennara þar sem náms- og félagsleg staða nemandans kemur fram.
3. Skólustjóri óskar eftir skriflegri greinargerð skólasálfræðings þar sem mat á hegðun, líðan og félagsfærni kemur fram. Vitsmunaproski þarf að vera eins og gerist hjá börnum sem eru einu ári eldri. Byggja þarf mat á viðurkenndum mælitækjum.
4. Greinargerðir eru ráðgefandi. Ákvörðun um flýtingu liggur endanlega hjá skólustjóra grunnskóla og skal hann svara foreldrum eigi síðar en þremur mánuðum eftir að beiðni berst. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólustjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til grunnskóladeildar. Hyggist skólustjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi.

Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólustjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kærueimild til menntamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til grunnskóladeildar.

Seinkanir:

1. Óski foreldrar eftir seinkun á milli árganga skal rökstudd beiðni berast til skólustjóra grunnskólans.
2. Skólustjóri óskar eftir skriflegri greinargerð frá umsjónarkennara þar sem náms- og félagsleg staða nemandans kemur fram.
3. Skólustjóri óskar eftir skriflegri greinargerð skólasálfræðings þar sem mat á hegðun, líðan og félagsfærni kemur fram. Vitsmunaproski þarf að vera eins og gerist hjá börnum sem eru einu ári yngri. Byggja þarf mat á viðurkenndum mælitækjum.
4. Umsagnirnar eru ráðgefandi. Ákvörðun um seinkun liggur endanlega hjá skólustjóra grunnskóla og skal hann svara foreldrum eigi síðar en þremur mánuðum eftir að beiðni berst. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólustjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til grunnskóladeildar. Hyggist skólustjóri synja umsókn um seinkun skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi.

Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til menntamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til grunnskóladeildar.

Viðmið um flýtingar á lokum náms við grunnskóla Kópavogs

Samkvæmt grunnskólalögum er skólastjóra heimilt að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda hafi nemandinn náð hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Óski foreldrar eftir flýtingu er það í höndum skólastjórnar og með aðstoð skólaþjónustu að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram.

Foreldrar sækja skriflega um flýtingu á lokum grunnskólagöngu nemanda til skólastjóra viðkomandi grunnskóla. Æskilegt er að ósk um flýtingu á lokum grunnskólanáms berist í lok 8. bekkjar.

Skólastjóri grunnskóla óskar eftir umsögn starfsfólks skólans og/eða skólaþjónustu. Í umsögn þarf að koma fram:

1. Almenn umsögn um náms- og þroskastöðu nemanda.
2. Upplýsingar um félagslega stöðu og samskipti við börn og fullorðna.
3. Styður nemendaverndarráð umsókn foreldra.

Umsögn er ráðgefandi. Ákvörðun um flýtingu liggur endanlega hjá skólastjóra sem svara foreldrum innan tveggja mánaða frá því beiðni berst.

Ef skólastjóri samþykkir flýtingu er það að því tilskyldu að nemandinn nái hæfniviðmiðum aðalnámskrár við lok 10. bekkjar. Skólastjóri svari foreldrum skriflega og ítrekar skilyrði um hæfniviðmið og sendir afrit til grunnskóladeildar

Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeinir þeim um kæruheimild til menntamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til grunnskóladeildar.

30. mars 2020